

14. gr.

19

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almenn lög-
reglumál. 5. marz

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58, 28. janúar 1935,
til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að
máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. marz 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

20

um breyting á reglugerð um gjaldeyrisverzlun, innflutning o. fl. 11. jan. 1935. 7. marz

3. gr. reglugerðar um gjaldeyrisverzlun, innflutning o. fl. 11. jan. 1935
hljóði svo:

Bannað er að flytja eða selja til útlanda íslenskan gjaldeyri, hvort heldur
eru seðlar eða inneignir í bönkum, sparisjóðum eða hjá einstökum mönnum eða
fyrirtækjum. En frjálsar skulu þær inneignir, sem myndast við sölu á erlendum
gjaldeyri til bankanna. Skal pósthjórninni heimilt að láta framkvæma nauðsyn-
legt eftirlit með bréfa- og bögglasendingum, til þess að tryggja það, að íslenskir
peningar séu ekki fluttir í pósti.

Fjármálaráðuneytið, 7. marz 1935.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

REGLUGERÐ

21

um einkasölu á rafvélum, rafáhöldum o. fl. 13. marz

Samkvæmt lögum nr. 30, 9. janúar 1935, um heimild handa ríkisstjórninni
til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl., er hér með sett eftirfarandi
reglugerð:

1. gr.

Ríkisstjórnin setur á stofn Raftækjaeinkasölu ríkisins og frá 1. júní 1935
má enginn nema hún flytja hingað til lands frá útlöndum neina af vörutegund-
um þeim, sem hér eru taldar á eftir:

21 Rafalar, hverskonar rafhreyflar og aðrar rafvélar (þar undir teljast vélar, 13. marz sem eru sambyggðar rafhreyfli, nema hreyfillinn sé ekki verulegur hluti vélarinnar). Allskonar rafvélahlutar og allskonar efni til viðgerðar og uppsetningar á rafölum, rafhreyflum og rafvélum.

Rafhitunartæki og rafsuðutæki og hverskonar hlutar þeirra.

Rafmælar, rafmælitæki, straumbreytar og spennubreytar og hverskonar hlutar þeirra.

Rofar, tenglar, vör (öryggi) og allskonar spjaldbúnaður (töflubúnaður), spennar og hverskonar búnaður fyrir spennistöðvar.

Einangrarar, hnappar, völr, dósir, raflagnapípur og hverskonar annar búnaður raflagna.

Eirvör og vafinn vör, snúrur og strengir (kabil) úr eir, strenghólkar og annað efni til lagninga á vör, snúrum og strengjum.

Glólampar (ljósakúlur), boglampar og glimlampar fyrir lágspennu og háspennu.

Raflampar og hlutar þeirra.

Röntgentæki, raflækningaáhöld og hlutar þeirra.

Rafgeymar og rafhlöður, talsíma- og ritsímaáhöld, dýptarmælar (Ekkolod), miðunartæki og allskonar loftskæmtatæki og kvikmynda- og talmyndaáhöld.

Undantekin ofantöldum vörum eru viðtæki, hlutar þeirra og aðrar vörur, sem viðtækjaverzlun ríkisins hefir einkasölu á samkvæmt reglugerð um einkasölu á útvarpstækjum, dags. 31. október 1930.

2. gr.

Vörur þær, sem raftækjaeinkasala ríkisins flytur inn samkvæmt 1. gr., selur hún í heildsölu löggiltum rafvirkjum, kaupfélögum, verzlunarfélögum, kaupmönnum, opinberum stofnunum ríkisins eða bæjarfélaga, en eigi öðrum.

3. gr.

Birgðir af vörum þeim, sem getur í 1. gr. sem fyrirbyggjandi eru í landinu hjá heildsölum 1. júní 1935, tekur raftækjaeinkasalan í umboðssölu, ef samningar takast um verð, en að öðrum kosti verður á það lagt gjald, er rennur í ríkissjóð, er nemur allt að 20% af útsöluverði þeirra. Smásölum er heimilt að selja birgðir sínar af þessum vörum, sem eru fyrirbyggjandi 1. júní 1935, en verði sölu þeirra eigi lokið 1. janúar 1936 verða ný ákvæði sett um hvernig skuli fara með birgðir þær, sem þá kunna að vera óseldar.

4. gr.

Raftækjaeinkasala ríkisins skal leggja frá 5—75 af hundraði á vörur þær, er hún selur, eftir því, sem henta þykir um hverja tegund. Álagning þessa skal miða við verð vörunnar kominnar í hús hér á landi, að viðbættum tolli. Heimilt skal að hafa álagninguna lægri en 5%, og má jafnvel láta alveg niður falla, ef um er að ræða innflutning á vélum og efni til bygginga stórra rafstöðva, sem

eru eign ríkis, bæjar- eða sveitarfélaga. Söluverðið sé miðað við greiðslu við móttöku.

21
13. marz

5. gr.

Raftækjaeinkasalan skal greiða hinn lögákveðna toll af vörum þeim, sem hún flytur inn, þar sem varan er fyrst flutt á land, á þann hátt og á þeim tíma, sem lög mæla fyrir. Raftækjaeinkasölunni skal heimilt að greiða reikninga tollstjóra utan Reykjavíkur beint í ríkissjóð.

6. gr.

Fyrst um sinn er Tóbakseinkasölu ríkisins falin rekstur raftækjaeinkasölnunnar og veitir fjármálaráðherra forstöðumanni tóbakseinkasölnunnar jafnframt prókúruumboð fyrir raftækjaeinkasölu ríkisins. Reikningsár raftækjaeinkasölnunnar er almanaksárið. Fyrir 1. marz ár hvert skal forstöðumaður einkasölnunnar hafa lokið við reikninginn fyrir undanfarið starfsár og afhenda ríkisstjórninni hann. Af ágóða hvers árs skal leggja 15%—25%, eftir ákvörðun fjármálaráðherra, í varasjóð. Af ágóðanum af rekstrinum til ársloka 1935 má þó leggja 70% í varasjóð. Ágóðinn af rekstri raftækjaeinkasölnunnar skal að frádregnu varasjóðstillagi greiðast í ríkissjóð. 30% af öllum ágóða hvers árs greiðir ríkissjóður bæjar- og sýslusjóðum þannig: 10% renna til bæjarsjóðs þess kaupstaðar, sem einkasalan hefir aðalsetur í, en 20% skiptast eftir mannfjölda milli bæjarsjóðs annara kaupstaða og sýslusjóða.

Skatt þenna greiðir ríkissjóður bæjarsjóðum og sýslusjóðum 1. marz ár hvert af ágóða næstliðins árs. Raftækjaeinkasölu ríkisins ber eigi að greiða skatt samkv. 2. gr. laga nr. 47, 4. júní 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana.

7. gr.

Raftækjaeinkasalan skal jafnan hafa nokkurn forða fyrirbyggjandi af aðalvörutegundum þeim, sem hún flytur inn. Kostnað af sendingu innanlands beri viðskiptamenn. Pantaðar vörur getur einkasalan látið senda beint frá útlöndum til þeirra staða hér á landi, sem óskað er og miðast álagning þá við verðið á höfn ákvörðunarstaðarins.

8. gr.

Hámarksálagning í smásölu á vörum einkasölnunnar má eigi vera hærri en frá 10%—50% eftir því, sem einkasalan ákveður um hverja tegund. Álagning í smásölu skal miða við verð einkasölnunnar að viðbættum flutningskostnaði til útsölustaðarins. Sá kostnaður má þó aldrei reiknast hærri en 10%.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 500—50000 kr., nema þyngri refsing liggji við að lögum. Hver sá hlutur, sem ræðir um í 1. gr. og ólöglega er fluttur inn í landið, skal upptækur ger og andvirðið renna til einkasölnunnar.

21
13. marz

10. gr.
Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara sem almenn lög-
reglumál.

11. gr.
Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júní 1935.

Fjármálaráðuneytið, 13. marz 1935.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

22
15. marz

REGLUGERÐ

um framleiðslu, meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Samkvæmt lögum nr. 1 frá 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., er hérmeð sett eftirfarandi reglugerð:

I. KAFLI

Um löggildingu mjólkurbúa og eftirlit með þeim.

1. gr.

Mjólkurbú þau, er starfa vilja og hljóta réttindi samkvæmt lögum um sölu mjólkur, rjóma o. fl., og reglugerð þessari, skulu vera viðurkennd og lög-gilt af landbúnaðarráðherra.

2. gr.

Mjólkursölunefnd annast þá athugun mjólkurbúa, er fram þarf að fara, samkvæmt reglugerð þessari, til þess að þau geti hlotið slíka löggildingu, og gerir tillögur um löggildinguna til landbúnaðarráðherra. Skal sú athugun framkvæmd af þriggja manna skoðunarnefnd, tveimur úr mjólkursölunefnd-
inni og þriðja, er sé sérfræðingur í mjólkuriðnaði. Skal það vera ráðunautur landsstjórnarinnar á því sviði, ef þess er kostur, ella annar maður, er nefnd-
in velur.

3. gr.

Nú óskar eitthvert mjólkurbú að fá löggildingu. Skal þá stjórn búans senda mjólkursölunefndinni umsókn, stílaða til landbúnaðarráðherra, um að löggilding fari fram. Umsókninni skal fylgja:

1. Eitt eintak af lögum félags þess, er á búið og rekur það, ef um samvinnu-
félag eða hlutafélag er að ræða.
2. Uppdráttur af búinu.